

Lausafjártrygging

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



Vörður tryggingar hf Borgartúni 25, Reykjavík

Skilmáli E-3, E-11, E-12

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

HVERNIG TRYGGING ER LAUSAFJÁRTRYGGING?

Lausafjártrygging bætir tjón sem verður á því lausafé sem tiltekið er í váttryggingarskírteini. Hægt er að velja um brunatryggingu, innbrotstryggingu og vatnstjónstryggingu, allt eftir þörf váttryggingartaka.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN?

BRUNI

(VALKVÆÐ TRYGGING)

- ✓ Tjón vegna eldsvoða
- ✓ Tjón vegna eldingar.
- ✓ Tjón vegna gassprengingar svo sem gassprenginga við eldunartæki.
- ✓ Tjón vegna sótfalls.
- ✓ Kostnað tengdan björgunar- og slökkvistarfi

VATN

(VALKVÆÐ TRYGGING)

- ✓ Tjón af völdum vatns, gufu eða olíu sem óvænt og skyndilega streymir fram og á upptök sín innan útveggja fasteignar og sökkuls hennar.
- ✓ Tjón af völdum vatns sem vegna óvenjumikils skýfalls eða asahláku nær ekki að streyma í niðurföll og flæðir inn í húsnæði váttrygðs.
- ✓ Tjón vegna óveðurs sem veldur því að hús eða hluti húss rofnar, þar sem vindhraði fer yfir 30 m/sek.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN EKKI?

BRUNI

(VALKVÆÐ TRYGGING)

- ✗ Óbeint tjón, svo sem rekstrartap, töf á framleiðslu eða afhendingu á vörum.
- ✗ Tjón á hvers kyns vélknúnum farartækjum nema sérstaklega sé samið um annað.

VATN

(VALKVÆÐ TRYGGING)

- ✗ Tjón sem orsakast af úrkomu, hvers kyns flóðum, snjóbráð eða regnvatni frá þakrennum, niðurfallsrennum eða svölum.
- ✗ Tjón sem orsakast af langvarandi raka eða vökvasmitun.
- ✗ Tjón sem orsakast af niðurbellingu vökva úr handílátum.

INNBROT

(VALKVÆÐ TRYGGING)

- ✗ Tjón á rúðum
- ✗ Tjón sem stafar af eldsvoða.

INNBRÖT

(VALKVÆÐ TRYGGING)

- ✓ Þjófnað á váttryggðum munum við innbrot.
- ✓ Tjón á húsnæði sem hlýst af innbroti

FOKTRYGGING

(VALKVÆÐ TRYGGING)

- ✓ Tjón á húsi eða húshluta vegna óveðurs þegar vindur mælist yfir 30 m/s.
- ✓ Vatnstjón af völdum úrkomu samfara óveðri, en aðeins ef vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins.

KÆLI OG FRYSTIVÖRUTRYGGING

(VALKVÆÐ TRYGGING)

- ✓ Tjón þegar kælimiðill streymir út.
- ✓ Tjón sem verður þegar hiti hækkar vegna skyndilegrar bilunar í kælivélum, straumrofs eða annarra skyndilegra og ófyrirsjáanlegra atvika.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.

✗ Tjón sem verður vegna innbrota eða tilrauna til þeirra af hendi heimilisfólks eða starfsfólki váttryggingartaka.

✗ Óbeint tjón, svo sem tjón vegna stöðvunar á rekstri.

FOKTRYGGING

(VALKVÆÐ TRYGGING)

✗ Tjón á loftnetum, fánastöngum, girðingum og gróðri.

KÆLI OG FRYSTIVÖRUTRYGGING

(VALKVÆÐ TRYGGING)

✗ Tjón á vörum sem voru gallaðar þegar þeim var komið fyrir í geymslu.

✗ Tjón á vörum sem stafa af of langri geymslu þeirra.

✗ Tjón á vörum í geymslum sem kældar eru með þurrís eða ísmolum.

✗ Rekstartjón eða annað óbeint tjón.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



ERU EINHVERJAR TAKMARKANIR EÐA VARÚÐARREGLUR?

- Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- Váttryggðum ber að sjá um að umbúnaður á váttryggingarstað sé í fyllsta samræmi við reglur í gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma, eftir því sem við á.
- Dyr og aðrir inngangar skulu vera tryggilega læstir og gluggar lokaðir og kræktir aftur þegar geymslustaður er mannlau.
- Váttryggðum ber að fara eftir fyrirmælum eða athugasemdum frá opinberum eftirlitsstofnunum svo sem Mannvirkjastofnun og Neytendastofu.
- Í óupphituðu húsnæði skal lokað fyrir vatnsaðstreymi, vatnslagnir ásamt viðfestum tækjum skulu tæmd af vatni þegar hætta er á frosti.
- Vörubirgðir í kjöllumur skulu geymdar á vörugrind eða palli og ennfremur verður að vera niðurfali í geymslurýminu.



HVAR GILDIR TRYGGINGIN?

Tryggingin gildir aðeins á þeim stað sem tilgreindur er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.



HVERJAR ERU SKYLDUR ÞESS TRYGGÐA?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði. Ef um innbrot er að ræða skal tilkynna til lögreglu, skilyrði fyrir greiðsluskyldu að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni.



HVENÆR OG HVERNIG ER GREITT FYRIR TRYGGINGUNA?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



HVENÆR HEFST VÁTRYGGINGARVERNDIN OG HVENÆR LÝKUR HENNI?

Váttryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



HVERNIG ER TRYGGINGUNNI SAGT UPP?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímabilinu.